LANDSPÍTALI

FRÆÐSLUEFNI

# Upprætingarmeðferð vegna MÓSA

Meðferðin tekur fimm daga og meðan á henni stendur er mikilvægt að fylgja þessum leiðbeiningum nákvæmlega. Ef upprætingarmeðferð hefur ekki verið lokið við útskrift af sjúkrahúsinu eru afhent eftirfarandi efni og lyf til að nota heima:

- Sótthreinsandi sápa (klórhexidín sápa)
- Sótthreinsandi duft (klórhexidín duft)
- Bakteríudrepandi krem (Bactroban® nefsmyrsli)
- Önnur sýklalyf samkvæmt fyrirmælum læknis

Ef efnin valda ertingu þarf að hætta notkun þeirra og hafa samband við lækni sem stjórnar meðferðinni.

## Líkamsþvottur með sótthreinsandi sápu




- Þvo hár og líkama með klórhexidínsápu daglega í 5 daga.
- Varast að sápa fari í augu.
- Nota eyrnatappa til að koma í veg fyrir að sápa fari í eyru.
- Bleyta hár og líkama og skrúfa fyrir vatn.
  Setja sápu í hárið og þvo líkama með svampi eða þvottastykki í eftirfarandi röð:
  1. Andlit, vel í kringum nef
  2. Hendur og undir höndum og brjóstum
  3. Búkur og nafli
  4. Fótleggir og fætur, vel á milli tánna
  5. Nári, kynfæri og rassaskora
- Skola líkama vandlega og endurtaka þvott frá byrjun með nýjum svampi eða hreinu þvottastykki ef sápan er í fljótandi formi.
- Nota hárnæringu eftir þvottinn því klórhexidínsápan gerir hárið þurrt og strítt.
- Nota rakakrem á líkamann eftir þvottinn því klórhexidínsápan getur ert viðkvæma húð. Sjá meðfylgjandi lista yfir krem sem draga ekki úr sótthreinsandi áhrifum sápunnar.
- Fara í hrein föt, hreina sokka og inniskó að lokinni sturtu.

## Húðfellingar

Bera þunnt lag af klórhexidíndufti í húðfellingar, nára og rassaskoru einu sinni á dag. Setja duftið í bómullarhnoðra eða þurrt stykki og strjúka yfir húðfellingar, nára og rassaskoru. Sé líkamsþvottur að morgni er duftið notað að kvöldi og öfugt.

## Nef

1. Smyrja Bactroban® nefsmyrsli vandlega á innra borð beggja nasa með bómullarpinna, þrisvar á dag í fimm daga.
2. Nudda nasavængjunum saman svo smyrslið dreifist betur.
3. Þvo og þerra hendur vandlega á eftir.

## Persónulegt hreinlæti

- Nota hreint handklæði og þvottastykki og gæta þess að láta það ekki snerta handklæði/þvottastykki sem aðrir heimilismenn nota. Skipta um handklæði daglega.
- Klæðast hreinum nærfötum eftir líkamsþvottinn og hreinum náttfötum á hverju kvöldi.
- Skipta um annan fatnað daglega eða annan hvern dag.
- Þvo fatnað við hæsta hitastig sem hann þolir. Þvo rúmfatnað, handklæði, þvottapoka, nærföt og sokka við a.m.k. 60°C.
- Nota kodda og sæng sem má þvo eða setja í hreinsun.
- Skipta um rúmföt og ryksuga rúmdýnu eftir tveggja daga meðferð og við lok meðferðar.
- Þvo persónulega muni eins og greiður, hárbursta/snyrtibursta, rakvél og þess háttar með heitu vatni og sápu.
- Endurnýja púða í púður- og meikdósum.
- Endurnýja tannbursta.

## Þrif á heimili meðan meðferð varir

- Eftir tveggja daga meðferð er strokið yfir lárétta fleti með rökum klúti og húsgögn með tauáklæði ryksuguð vandlega. Gólf eru skúruð.
- Þrífa síma, sjónvarpsfjarstýringu, lyklaborð og annað sem ekki þolir að blotna, með Hreinsispritti.
- Þrifin eru endurtekin á síðasta degi meðferðar (á 5. degi).

## Umgengni við annað fólk

MÓSA er ekki hættulegur fólki með heilbrigt ónæmiskerfi og heila húð, því er ekki ástæða til að draga úr umgengni við fólk meðan á upprætingarmeðferðinni stendur.

## Sýnataka eftir upprætingarmeðferð

Til að fylgjast með árangri upprætingarmeðferðar eru tekin MÓSA-sýni að lokinni meðferð eftir:

1. eina viku
2. tvær vikur
3. þrjár vikur
4. þrjá, sex og 12 mánuði
5. Fleiri sýni eru tekin ef einstaklingur þarfnast sýklalyfjameðferðar eða fær sár/exem á tímabilinu

Sýnataka er ýmist framkvæmd á göngudeild smitsjúkdóma eða á heilsugæslustöð. Mikilvægt er að mætt sé í allar sýnatökur til að hægt sé að aflétta varúðarráðstöfunum við komu á Landspítala.

Ef MÓSA greinist í sýni eftir upprætingarmeðferð er áframhald metið af lækni sem stjórnar meðferðinni.

# Húðvörur sem nota má samhliða upprætingarmeðferð

## A

| | |
|---|---|
| Abena skincare lotion | Abena |
| Abena skincare ointment | Abena |
| Accent Plus Antibacterial Amino Lotion | EcoLab |
| A-Derma Exomega Cream | Pierre Fabre |
| A-Derma Creme De Soin | Pierre Fabre |
| A-Derma Exomega Milk | Pierre Fabre |
| A-Derma Exomega Fedtcreme | Pierre Fabre |
| Alpha Hydrox Silk Wrap Body Lotion | Neotric Cosmetics |
| Amlactin Cream | Upsher Smith Laboratories |
| Amlactin Lotion | Upsher Smith Laboratories |
| Aqua Glycolic Hand and Body Lotion | Merz Pharmaceuticals |
| Aquaphor Healing Ointment | Beiersdorf-Jobst |
| Aquaphor Original Formula Ointment | Beiersdorf-Jobst |
| Arkiv | Galderma |
| Aveeno Moisturizing Lotion | Johnson and Johnson og Co. |
| Avene Trixera+ Emollient Cream | Pierre Fabre |
| Avene Trixera+ Balm | Pierre Fabre |

## C

| | |
|---|---|
| Cavilon Moisturizing Lotion | 3M Health Care Products |
| Ceridal lipogel | Stiefel |
| Cetaphil Moisturizing Cream | Galdrema Laboratories |
| Cetaphil Moisturizing Lotion | Galdrema Laboratories |
| Clairol Herbal Essence Moisturizing Lotion, Dry Skin Formula | Bristol Myers Squibb-Beauty Care |
| Clairol Herbal Essence Moisturizing Lotion, Extra Dry Skin Formula | Bristol Myers Squibb-Beauty Care |
| Clairol Herbal Essence Moisturizing Lotion, Normal Skin Formula | Bristol Myers Squibb-Beauty Care |
| Curel Extreme Care Body Lotion | Andrew Jergens Company |
| Curel Skin Healing Stick | Andrew Jergens Company |
| Cutemol Emollient Skin Cream | Summers Laboratories Inc. |

## D

| | |
|---|---|
| Danatekt creme | Norpharma |
| Decubal clinic creme | Alpharma |
| Dermalog SKIN-cure, Genopbygningscreme | Dermalog |
| Dermalog Fedtcreme | Dermalog |

## E

| | |
|---|---|
| Eucerin Daily Replenishing Lotion | Beiersdorf-Jobst |
| Eucerin Dry Skin Therapy Plus Alpha Hydroxy Creme | Beiersdorf-Jobst |
| Eucerin Dry Skin Therapy Plus Alpha Hydroxy Lotion | Beiersdorf-Jobst |
| Eucerin Original Crème Eucerin Original | Beiersdorf-Jobst |
| Lotion | Beiersdorf-Jobst |
| Eucerin Plus Crème Eucerin Plus Lotion | Beiersdorf-Jobst |
| Eucerin TriLipid Replenishing Lotion | |

## K

| | |
|---|---|
| Keri Anti-Bacterial Hand Lotion | Bristol Myers Products |
| Keri Deep Conditioning Original Lotion, Dry Skin Formula Softly Scented | Bristol Myers Products |
| Keri Deep Conditioning Original Lotion, Fragrance Free Sensitive Skin Formula | Bristol Myers Products |
| Keri Lotion Fast Absorbing Fragrance Free Sensitive Skin Formula | Bristol Myers Products |
| Keri Lotion Fast Absorbing Softly Scented Dry Skin Formula | Bristol Myers Products |
| Keri Original Lotion | Bristol Myers Products |
| Keri Skin Renewal Lotion | Bristol Myers Products |
| Keri Silky Smooth Lotion | Bristol Myers Products |
| Keri Silky Smooth Sensitive Skin Lotion | Bristol Myers Products |

## L

| | |
|---|---|
| Lac Hydrin Five Lotion | Westwood Squibb |
| Lacticare Lotion | Steifel Laboratories |
| Lipikar Baume | La Roche-Posay |
| Locobase fedtcreme | Astellas Pharma |
| Locobase Repair | Astellas Pharma |
| Lubriderm Advanced Therapy Gel Crème | Warner-Lambert Consumer Health |
| Lubriderm Dry Skin Care Lotion | Warner-Lambert Consumer Health |
| Lubriderm Gel Crème | Warner-Lambert Consumer Health |
| Lubriderm Moisture Recovery Crème | Warner-Lambert Consumer Health |
| Lubriderm Moisture Recovery Lotion | Warner-Lambert Consumer Health |
| Lubriderm Seriously Sensitive Lotion | Warner-Lambert Consumer Health |
| Lubriderm Skin Therapy Moisturizing Lotion | Warner-Lambert Consumer Health |
| Lubriderm Skin Therapy Moisturizing Lotion for Normal to Dry Skin | Warner-Lambert Consumer Health |

## M

| | |
|---|---|
| Moisturel Cream | Westwood Squibb |
| Moisturel Lotion | Westwood Squibb |

## N

| | |
|---|---|
| Neoteric Diabetic Skin Therapy Oxygenated Advanced Healing Lotion | Neoteric Cosmetics |
| Nivea Body Creamy Conditioning Oil | Beiersdorf-Jobst |
| Nivea Crème | Beiersdorf-Jobst |
| Nivea Body Extra Enriched Lotion | Beiersdorf-Jobst |
| Nivea Body Original Lotion | Beiersdorf-Jobst |
| Nivea Body Sheer Moisturizing Lotion | Beiersdorf-Jobst |
| Nivea Skin Firming Lotion | Beiersdorf-Jobst |
| NutraDerm 30 Skin Lotion | Healthpoint Medical |
| NutraDerm Therapeutic Skin Lotion | Healthpoint Medical |

## P

| | |
|---|---|
| Pacquin Plus with Aloe Skin Cream | Pfizer Inc. |
| ProShield Protective Hand Cream | Healthpoint Medical |

## Q

| | |
|---|---|
| Queen Helene Cocoa Butter Hand and Body Lotion | Para Laboratories |
| Queen Helene Cocoa Butter Crème | Para Laboratories |

## S

| | |
|---|---|
| SBR Liopcream Skin Barrier Repair Cream | Ferndale Laboratories |
| Skin Quencher | Virion, Inc. |

## W

| | |
|---|---|
| Working Hands Crème | Working Hands Crème, Inc. |

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
SÝKINGAVARNADEILD
SEPTEMBER 2016
SÝKV-321

ÁBYRGÐARMENN:
DEILDARSTJÓRI
SÝKINGAVARNADEILDAR

HÖNNUN:
SAMSKIPTADEILD